

## Sögurammi: Trúarbrögðin okkar – Kennslurammi um námsbókina

Tímalengd: 5 vikur (4 klst. á viku).

### Yfirmarkmið:

Að nemendur fái fyrstu kynni af fimm trúarbrögðum; búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi

Að nemendur læri að hægt er að vera vinir þrátt fyrir ólíkar skoðanir og trú.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
<p>Kveikja: Þegar nemendur mæta í kennslustofuna er búið að raða ýmsum munum tengdum mismunandi trúarbrögðum á borð.</p> <p>Hægt er að bæta við tónlist tengdri trúarbrögðum og stuttum kynningum, t.d. með því að sýna vefefni á kennsluvefnum kennslaogtru.is</p>	<p>Hvað er trú?</p> <p>Hvað eru trúarbrögð?</p> <p>Hvernig tengjast matur og fót trúarbrögðum?</p> <p>Af hverju eru ekki sömu hátíðir hjá öllum?</p> <p>Hvað eru tákn?</p>	<p>Nemendur fá að skoða/handleika munina á borðunum.</p> <p>Síðan taka þeir þátt í hópumræðu um trú.</p> <p>Í lok tímans mega nemendur teikna og lita hluti og/eða myndir sem hægt er að bæta á borðin. Til dæmis krossa, engla o.fl. fyrir kristna. Tungl, stjörnur fyrir islam. Ávexti og blóm á hindúa- eða búddaborðin. Davíðs-stjörnu eða sjö arma kertastjaka á borð gyðingdómsins.</p>	<p>Nemendur mega fyrst ganga um og skoða.</p> <p>Í umræðunum er gott að sitja í hring á meðan kennari skrifar á flettistöflu.</p> <p>Í lok tímans geta nemendur unnið á borðum sínum eða þar sem þeim finnst best að teikna og lita.</p>	<p>Flettitafla. Ýmsir munir sem tengjast trúarbrögðum og er safnað meðal starfsfólks eða nemenda. Dúkar og efni í mismunandi litum sem einkennir hver trúarbrögð.</p> <p>Blöð, litir, skæri.</p> <p>Blaðsíður 7–11 í bókinni <i>Trúarbrögðin okkar</i>. Nemendur fá ekki að skoða bókina fyrr en seinna í verkefninu.</p>	<p>Listi yfir það sem nemendum dettur í hug um trú og trúarbrögð.</p> <p>Skrautleg borð sem tengd eru fimm mismunandi trúarbrögðum.</p>	<p>Athugun á þekkingu nemenda á trúarbrögðum.</p> <p>Kveikja að verkefni.</p>

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
Nemendur búa til fimm hús. Þeir vita ekki hverjir koma til með að búa í húsunum.	Hvernig hús eru til? Í hvernig húsum búum við á Íslandi?	Nemendur útbúa hús og herbergi í húsinu. Hægt er að gera hús ein og bók. Fremst er framhlið hússins og inni í húsinu eru herbergin. Einnig er hægt að vinna hús í þrívídd t.d. úr pappakössum.	Nemendur vinna í hópum. Koma sér saman um hvernig þeirra hús eigi að líta út.	Pappír (A3 eða stærri) í mörgum litum. Blöð og tímarit með myndum af húsgögnum; efnisbútar, skæri, lím, litir.  (Ef unnið er í þrívídd þarf pappakassa, fernur, dollur.)	Fimm hús sem raðað er upp í kennslustofunni.	Nemendur vinna með skipulag og samvinnu. Einnig færnivinnu af ýmsu tagi.
Nemendur fá að vita hvaða fjölskyldur búa í húsunum.  Nemendur útbúa fjölskyldurnar þ.e. pappadúkkulísur og bakgrunn, garða, götur og annað umhverfi húsanna.  Nemendur mega finna nöfn og aldur á fjölskyldumeðlimi barnanna.	Hvað er fjölskylda?  Eru allar fjölskyldur eins?	Nemendur útbúa fimm fjölskyldur:  Sigurður Tan, mamma hans og pabbi. Adda, mamma hennar og pabbi. Sara Sól, mamma hennar og pabbi. Stóra systir og litli bróðir. Ómar, mamma hans, pabbi og tvö yngri systkin. Ísak, mamma hans og pabbi. Tveir bræður og ein systir.	Unnið í hópum. Sama hópaskipting og í húsagerðinni. Hver hópur býr til eina fjölskyldu og umhverfi í kringum húsið.	Pappír, efnisbútar, garn, litir, skæri, lím.	Pappadúkkulísur af sögupersónum. Húsin tilbúin.  Umræður um ólíkar fjölskyldugerðir.	Að persónugera sögupersónurnar. Unnið er með færni og samvinnu.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
<p>Kynning á aðalpersónum bókarinnar. Blaðsíður 12–15 í bókinni <i>Trúarbrögðin okkar</i>.</p> <p>Sigurður Tan kynnir sjálfan sig.</p> <p>Eftir kynninguna eru munir sem tengjast búddatrú skoðaðir. (Frá því í fyrsta tíma.)</p>	<p>Eftir lesturinn úr bókinni.</p> <p>Hværrar trúar eru Sigurður og fjölskylda hans?</p> <p>Hvað vitið þið um búddatrú?</p> <p>Hver voru áhugamál hans? Hver var upphaldshátíðin hans?</p>	<p>Nemendur hlusta á kynningarnar og taka þátt í umræðum.</p>	<p>Setið í hring eða í sætum.</p>	<p>Flettitafla. Kennslubókin: Trúarbrögðin okkar.</p> <p>Munir sem tengjast búddatrú (t.d. búddastyttur, reykelsi, ávextir, blóm).</p>	<p>Kynning á búddatrú og á persónu úr bókinni.</p>	<p>Þjálfun í að hlusta og taka þátt í umræðum.</p> <p>Að setja sig í spor annarra.</p>
<p>Á sama hátt eru hinar sögupersónur bókarinnar kynntar. Gera má ráð fyrir einni kennslustund fyrir hverja sögupersónu.</p>						

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
Helgirit. Kennslubók bls. 38–39.	Hvað eru helgirit? (Flest trúarbrögð hafa bók eða bækur með sögum sem tengjast trúnni.)	Hver hópur útbýr forsíðu eða bók- arkápu úr pappír og skrifar á hana heiti helgirits einhverra trúarbragða. Hópurinn sem vann við búddasið gerir Tripitaka. Islam- hópurinn útbýr bókarkápu af Kór- aninum o.s.frv. (Sjá útfærslu fyrr í klb.)	Umræður í heima- krók.  Hópavinna þar sem hver hópur vinnur bókakápu helgirits trúarbragðanna. Leggja áherslu á virð- ingu fyrir helgiritum. Skreyta bækurnar og lita fallega.	Ef hægt er, þá er gott að fá lánaðar á bókasafni þær trúar- bækur sem minnst er á í kennslubók.  Pappír, litir, gull- og silfurpennar fyrir útlínur.	Bókakápur úr pappír sem tilheyra trúar- brögðunum fimm.	Fræðsla um helgirit trúarbragðanna.
Samfélag. Kennslubók bls. 40.	Þekkið þið einhver hús sem tengjast trú og trúarbrögðum?  Fólk sem er sömu trúar hittist til að iðka sína trú. Kristnir menn fara í kirkju. Múslimar fara í mosku. Gyð- ingar fara í sýnagógu. Búddistar fara í hof og musteri. Hindúar fara í hof og musteri.	Hópavinna þar sem hver hópur útbýr það hús sem tilheyrir hverjum trúar- brögðum.  Hægt er að útbúa húsin úr pappa- kössum í þrívídd eða teikna og mála á stór blöð t.d. maskínu- pappír.	Umræða í heima- krók.  Hópavinna þar sem hver hópur vinnur eitt hús sem tilheyrir trúarbrögðunum.	Pappakassar, mjólkurfernur, hólkar innan úr klósettpappír eða eldhúspappír, málningarlímband, vír, málning, litir.	Fimm hús sem til- heyra hvert sínum trúarbrögðum.	Fræðsla um samfélag sem fylgir trúarbrögðum.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
Föt og matur. Kennslubók bls. 41–42.	Hvernig tengjast föt og matur trúar- brögðum?	Umræða.	Setið í heimakróki.	Kennslubók. Einnig hægt að hafa fleiri bækur við höndina sem sýnir fólk í fötum sem tengjast trúarbrögðum eða siðvenjum þjóða. Einnig gaman að skoða uppskrifta- bækur frá ólíkum heimshornum.	Hægt að vinna teikniverkefni tengt fötum og mat. Einnig hægt að skrifa upp skemmtilegar upp- skriftir eða biðja nemendur að koma með mataruppskrift- ir að heiman.	Fræðsla um ólíka siði og venjur sem tengjast fötum og mat.
Tákn. Kennslubók bls. 42–43.	Vitið þið hvað tákn eru? (Tákn eru oftast litlar myndir sem notaðar eru í staðinn fyrir langan texta og minna fólk á trúna.)	Umræða um tákn sem tilheyra þessum fimm trúarbrögðum. Nemendur teikna táknin á bls. 43 á blað og skrifa hvaða trúar- brögðum hvert tákn tilheyrir. Síðan vinna nemendur perlur úr leir, eina með hverju tákni. Perlurnar eru þræddar á leð- urband sem er hnýtt á milli perlanna.	Setið í heimakróki eða sætunum.	Pappír og litir. Leir sem harðnar og gott er að vinna með.	Blöð með teikn- ingum barnanna af táknum trúar- bragðanna.  Hálsfesti með táknum allra trúar- bragðanna. (Getur einnig verið arm- band.)	Fræðsla um tákn. Nemendur vinna með tákni á pappír og útbúa hálsfesti.

Gaman getur verið að láta nemendur útbúa fallega öskju til þess að geyma hálsmenið í. Þá er tilvalið að nota box, t.d. undan osti og klæða með fallegu efni og skreyta með borðum og palliöttum.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur	Markmið/færni
<p>Kynning. Hver hópur útbýr og æfir kynningu á einni persónu, áhugamálum hennar og fjölskyldu.</p> <p>Nemendur útbúa boðskort til foreldra. Boð um að koma á sýningu og hafa meðferðis upphalds- matarrétt sem tilheyrir einhverri hátíð.</p>	<p>Hvernig ætlið þið að hafa kynninguna ykkar? Hver segir hvað?</p>	<p>Kynning samin og æfð.</p>	<p>Hver hópur vinnur undir leiðsögn full-orðins.</p>	<p>Gæti verið gott að hafa aðgang að tölvum; veggspjöld, blöð, skriffæri, litir og skæri.</p>	<p>Kynning tilbúin.</p>	<p>Framsögn æfð. Einnig samvinna og hlutverkaskipti.</p>
<p>Hátíð undirbúin.</p> <p>Hátíð haldin.</p>	<p>Hvernig viljið þið skreyta stofuna?</p>	<p>Nemendur skreyta stofu t.d. með fánum og táknum trúarbragðanna.</p>	<p>Nemendur vinna í þeim hópum sem þeir vilja eða í einstaklingsvinnu.</p>	<p>Blöð, litir, fánaefni, blöðrur, dúkar.</p>	<p>Stofan skreytt og tilbúin fyrir hátíð.</p> <p>Hátíð haldin.</p>	<p>Unnið með samvinnu og samhug. Einnig ýtt undir sjálfstæði og ýmsa færni-vinnu.</p>